


Öryggi og heilsa við tímabundin störf



Starfsfólk starfsmanna-leigu er með sömu réttindi og verndarákvæði hvað varðar öryggi og heilsu og aðrir starfsmenn notendafyrirtækis

Starfsmenn starfsmanna-leigu verði hluti af hópnum

Á evrópskum vinnumarkaði eru um 25,8 millj. manns sem starfa hjá starfsmannaleigum. Að bæta úr vinnuaðstæðum starfsfólks starfsmannaleiga er krefjandi áskorun fyrir notendafyrirtæki og starfsfólk:

Skilvirkni, gæði, félagslegar aðstæður, heilsa og öryggi á vinnustað hafa þar mikið að segja. Þessar áskoranir þýða að hver aðili þarf að þekkja sínar skyldur og standa við sitt í þessu þrjúþætta sambandi á milli starfsmannaleigu, notendafyrirtækis og starfsfólks.

Mikilvægi góðrar samþættingar

Fyrir starfsmann starfsmannaleigu

Meiri þátttaka og aukin færni
Aukið samneyti við aðra starfsmenn dregur úr líkum á áhættu hegðun

Fyrir notendafyrirtæki

Lækkar slysakostnað
Aukið sjálfstæði í starfi og betri verk-gæði hjá starfsmanni starfsmannaleigu
Styrkir ásýnd fyrirtækis
Betra upplýsingaflæði um forvarnir/öryggismenningu

Á meðan á verktímabili stendur skulu aðstæður við vinnu og starfsskilyrði starfsfólks starfsmannaleigu vera að minnsta kosti þau sömu og ef það væri ráðið hjá notendafyrirtækinu.



Í öllu vinnuverndarstarfi á vinnustað skal virða eftirfarandi grunnreglu:

Jafnrétti skal vera á vinnustað á milli starfsmanna starfsmannaleigu og fastráðinna starfsmanna. Slíkt getur komið í veg fyrir bæði sálfélagslegar og líkamlegar hættur.

1

Samstarf við starfsmannaleigu

Notendafyrirtæki og starfsmannaleiga skipuleggja og stýra störfum starfsmanna starfsmannaleiga. Báðir aðilar skulu huga að öryggi og heilsu þeirra og hafa samráð þar um.

Notendafyrirtækið er ábyrgt fyrir öryggi og heilsu starfsmanna starfsmannaleiga á hverjum vinnustað.

- Tryggið viðvarandi upplýsingaflæði til starfsfólks starfsmannaleigu varðandi öryggi, heilsu, sértækar áhættur og einstaka þætti starfs áður en verktímabil hefst og meðan á verktímabili stendur.
- Tryggið upplýsingaflæði vegna breytinga á starfi eða aðstæðum á vinnustað.
- Þjálfun starfsfólks starfsmannaleigu er á ábyrgð notendafyrirtækis

2 Eflið forvarnir til að koma í veg fyrir hættu í starfi

Notendafyrirtæki eru skyldug að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks starfsmannaleigu og stuðla að forvörnum

- Undirbúið aðkomu starfsfólks starfsmannaleigu
- Virðið almennar forvarnarreglur
- Framkvæmið áhættumat
- Takið tillit til sértækra áhættuþátta er snúa að starfsfólki starfsmannaleigu (m.a. sálfélagslegir áhættuþættir sem og fyrirkomulag ferða og húsnæðisástand)
- Samkvæmt lögum þarfnast sum störf sértæks heilsueftirlits en slík störf eru ekki heimil starfsmönnum starfsmannaleiga.
- Veitið starfsfólki starfsmannaleigu upplýsingar um aðstæður á vinnustað áður en verk hefst
- Tryggið fræðslu og þjálfun í vinnuvernd á vinnustað og aðra þjálfun er varðar sértæka áhættuþætti starfsins
- Úthlutið persónuhlífum til persónulegra afnota til varnar gegn slysum og heilsutjóni
- Tilkynnið vinnuslys og atvinnusjúkdóma til yfirvalda

Starfsfólk starfsmannaleigu tilheyrir samfélagi vinnandi fólks



Það eru ávallt tengsl á milli félagslegra samskipta og heilsu og öryggis í starfi. Til að tryggja öryggi og heilsu á vinnustað verður að ganga úr skugga um að til staðar séu innviðir sem stuðla að samstilltri nálgun og aðgerðum allra aðila.



GÓÐAR FORVARNIR

Þær aðstæður sem starfsfólk starfsmannaleigu býr við geta haft áhrif á og útskýrt af hverju það er í áhættuhópi. Þar má nefna síendurteknar stuttar ráðningar, erfiðan og krefjandi verkhraða, óöruggari þjóðfélagsstöðu, skort á þekkingu og þjálfun á vinnustað og á verklagi, og því að starfsfólki starfsmannaleigu er oft á tíðum falin hættulegustu verkin á vinnustað.

- ❖ **Undirbúið starfsþjálfun starfsfólks starfsmannaleigu í nánú samráði við starfsmannaleigu,**
- ❖ **Þjóðið starfsfólk starfsmannaleigu velkomið í samfélag fastráðinna starfsmanna,**
- ❖ **Skipuleggið öryggis- og starfsþjálfun í samræmi við fyrirhugað verk,**
- ❖ **Kynnið tengiliði/verkstjóra vinnustaðarins fyrir starfsfólki starfsmannaleigu,**
- ❖ **Tryggið hlýjar móttökur fyrir starfsfólk starfsmannaleigu,**
- ❖ **Undirbúið og skipuleggið starf starfsfólks starfsmannaleigu,**
- ❖ **Leiðbeinið við þjálfun á verklagi og sjáið til þess að handleiðsla sé til staðar**

LÖG OG REGLUR

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Lög nr. 139/2005 um starfsmannaleigur.
- Lög nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 433/1997 um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

FREKARI UPPLÝSINGAR: <https://osha.europa.eu>, www.vinnueftirlit.is og www.posting.is